



Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Vorönn 2018

FÓHE1GR03

Fóðrun og heilsa I – Grunnnámskeið

Kennarar:	Sigurður Torfi Sigurðsson	Sk.st.	STS
------------------	----------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Meginviðfangsefni áfangans er að kenna helstu undirstöðuatriði varðandi fóðrun og umhirðu hesta. Farið verður yfir helstu grunnþætti í atferli hesta, hvaða öryggisatriði beri að hafa í huga við almennt hestahald og hvaða reglur gilda þar að lútandi. Grunnatriði í almennri umhirðu hrossa s.s. fóðrun, hófhirðu og heilbrigði.

Undanfari: HEST1GR05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnþáttum í atferli, eðli og hegðun, skapi, skynjun og skynfærum hesta.
- reglur varðandi hestahald og helstu öryggisatriðum er lúta að hestahaldi.
- aðbúnaði hrossa í hesthúsi og í haga.
- grunnatriðum varðandi fóðrun hrossa.
- helstu þætti varðandi mismunandi fóðurþarfar hrossa.
- mismun gróffóðurs og kjarnfóðurs.
- grunnatriðum lútandi vítamín og steinefnaþarfir hrossa.
- helstu atriðum er varða hófhirðu hrossa.
- helstu atriði er varða almennt heilbrigði hrossa.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- umgangast hesta og annast þá á hestvænum og öruggum forsendum.
- nálgast, teyma, binda og meðhöndla hesta á réttan hátt.
- nota helsta búnað og aðstöðu sem fylgir greininni.
- aðstoða við fóðrun og hirðingu.
- hreinsa úr hófum fyrir og eftir útreiðar.
- aðstoða við járningar og hófhirðu útigangshrossa.
- meta almennt heilbrigði hrossa.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- umgangast hesta og annast þá á hestvænum og öruggum forsendum.
- tekið við upplýsingum frá yfirmanni og aðstoðað við fóðrun og gegningar.
- hreinsað úr hófum.

Námsefni:

Hestafræði Ingimars, knapamerkjabækur og greinar frá kennara.

Greinar og ítarefni sem tengjast námsefninu verða birtar á Moodle

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
2	8.- 12. janúar	Hesturinn ,atferli og umhverfi	
3	15.- 19. janúar	Hesturinn ,atferli og umhverfi	Verkefni 1 lagt fyrir
4	22.- 26. janúar	Lög og reglugerðir	Verkefni 2 lagt fyrir
5	29. jan - 2. feb	Lög og reglugerðir	Skil verkefni 1
6	5. - 9. febrúar	Kynningar á verkefnum	Skil á verkefni 2
7	12. - 16. febrúar	Holdastigun æfingar	
8	19. - 23. febrúar	Öryggi og aðbúnaður	Verkefni 3 lagt fyrir
9	26.febr. - 2.mars	Heilbrigði hesta Svenni dýralæknir	
10	5. - 9. mars	Dagleg umhirða	Skil á verkefni 3 Verkefni 4 lagt fyrir
11	12. - 16. mars	Fóðrun	
12	19. - 23. mars	Fóðrun	Skil á verkefni 4 Verkefni 5 lagt fyrir
13	26.mars - 2.apríl	Páskafrí	
14	3.- 6. apríl	Járningar og hófhirða	
15	9.-13. apríl	Járningar og hófhirða	Verklegar æfingar Skil á verkefni 5
16	16. - 20. apríl	Járningar og hófhirða	Verklegar æfingar
17	23. - 27. apríl	Umhverfi, aðstaða og umhirða í samhengi	
18	30.apr.- 4. maí	Vettvangsferð	
19	7. – 11. maí	Upprifjun / Námsmat hefst 11. maí	Lokapróf

Sérreglur áfangans:

Námsmat fer fram í formi mats á frammistöðu og virkni í kennslustundum auk þess sem nokkur verkefni verða lögð fyrir. Annarsvegar er um að ræða verkefni unnin í kennslustund en hinsvegar heimaverkefni. Skiladaga heimaverkefna er tíu dögum eftir að þau er lögð fyrir. Ef nemandi skilar verkefni ekki á tilsettum tíma dregst einn heill frá einkunn fyrir hvern dag sem seinkun nemur. Nánari útskýringar á verkefnum verða um leið og þau eru lögð fyrir.

Lokapróf gildir til helminga af einkunn. Til að standast áfangann þarf að ná að lágmarki 5 í einkunn, en samt sem áður þarf einnig að ná að lágmarki 5 í einkunn á lokaprófi.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Heimaverkefni 1-4	Verkefni 1-5 úr efni námskeiðs. vægi 5% - 10% fyrir hvert verkefni	40%
Virkni í kennslustundum	Virkni í umræðu og þátttaka í verkefnum	5%
Ástundun	Stundvísi og mætingar	10%
Lokapróf	Ath. til að standast áfangann þarf að ná að lágmarki 5 í lokaprófi.	45%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.